



# STÓR ELDHÚSIÐ - 2019 -

Kæri framkvæmdastjóri/markaðsstjóri,

STÓRELDHÚSIÐ 2017 hlaut einstaklega góð viðbrögð frá sýnendum og starfsfólki úr stóreldhúsum sem mætti alls staðar að af landinu. Fjöldi fyrirspurna sýnir að það er mikill áhugi fyrir næstu sýningu. Sýningarsvæðið í Laugardalshöllinni hefur reynt sérlega hentugt bæði er varðar rými, loftgæði, hljóðvist og staðsetningu. Þá er í reynd alveg sama hvar sýnendur eru á svæðinu - allir básar njóta sín jafn vel enda allir í sama rými – meðfylgjandi eru kort af nýjasta sýningarsvæði og kort frá sýningunni 2017.

Sem fyrr eru helstu **markhópar** sýningarinnar: skólarnir, vinnustaðir, stofnanir, spítalar, hótél, bændagisting, veitingageirinn, mótuneyti, flotinn, veitingahús, bakarí, framleiðslueldhús og matvælaíðnaður. Eingöngu starfsfólki frá ofangreindum vinnustöðum og fleiri stöðum verður boðið á sýninguna.

Básaverð verður **óbreytt** frá seinustu sýningu eða 19.500 p. fm. án vsk. Sem verður að teljast einkar sanngjarnt en – ekki verður selt inn á sýninguna. Staðfestingargjald verður líka óbreytt eða kr. 35.000 án vsk. (óafturkræft). Innfalið er ennfremur m.a. teppi, internet og logo í hinu vinsæla ráðstefnublaði.

**Tímasetning:** Sýningin hefst kl. 12.00 báða dagana og lýkur á fimmtudag kl. 18.00. Við þurftum að semja við íþróttafélög um plássið þannig að sýningu lýkur kl. 17.00 á föstudag og þann dag verður að taka allt saman.

**Básakerfi:** Sýnendum er velkomið að velja á milli sýningarfyrirtækja eða koma með eigið kerfi. Tilboð barst frá Sýningarkerfum [syning@syning.is](mailto:syning@syning.is) sem hljóðar upp á sýningarveggi, lýsingarbúnað og merkingu. Nánari upplýsingar hjá Guðna 897 1577 eða Jón Þór 697 5909. Rafmagnsnotkun er innifalin en ekki raftenglar í bása.

**Skráning:** Vinsamlega hafið samband sem fyrst varðandi skráningu ykkar fyrirtækis. Ekki er að efa að hér **gefst einstakt tækifæri á að kynna vörur og þjónustu fyrir stóreldhúsa-markaðnum**.

Með góðri kveðju, *Ólafur M. Jóhannesson*, sýningarstjóri  
STÓRELDHÚSIÐ 2019 [olafur@ritsyn.is](mailto:olafur@ritsyn.is) 698 8150